

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi 2, Skilamannahreppi.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 1,5 ha landbúnaðarsvæði er breytt í athafna- og iðnaðarsvæði í landi Stóra-Lambhaga 2, Skilamannahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skilamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*